

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands 23. júní 2006 í máli nr. S-28/2006:

Ákærvaldið

(Björn Þór Rögnvaldsson sýslumannsfulltrúi)

gegn

Svavar Sigurðssyni

(Hilmar Gunnlaugsson hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní 2006, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Eskifirði, útgefinni 3. mars 2006 á hendur Svavari Sigurðssyni, kt. 000000-0000, til heimilis að Markarlandi 15, Djúpavogi, “fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa að kvöldi laugardagsins 28. janúar 2006 ekið bifreiðinni VT822 undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,16 %) frá Markarlandi 13 á Djúpavogi um götur í bænum að bifreiðastæði við Vogaland 12, þar sem lögregla hafði afskipti af honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48,1997, 3. gr. laga nr. 57,1997 og 7. gr. laga nr. 84,2004.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44,1993, 2. gr. laga nr. 23,1998 og 8. gr. laga nr. 84,2004.”

Af hálfu ákærða er krafist sýknu. Þá er krafist málsvarnarlauna samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti.

II.

Málavextir

Í frumskýrslu lögreglu dagsettri 30. janúar 2006 kemur fram að lögreglumennirnir Magnús Hreinsson og Steinn Friðriksson hafi verið við eftirlit á Djúpavogi laugardagskvöldið 28. janúar 2006, en fram hefur komið að þetta sama kvöld fór fram þorablót á hótél Framtíð þar í bæ. Í skýrslunni kemur fram að lögreglumennirnir óku í greint sinn um götuna Markarland og framhjá bifreiðinni VT 822 þar sem henni hafði verið lagt framan við húsið að Markarlandi 13. Hafi

þeir tekið eftir manni fara inn í bifreiðina bílstóramegin og að bifreiðinni var ekið af stað upp Markarlandið. Hafi þeir ákveðið að halda áfram og beygt til hægri inn á Víkurland og þá til hægri inn á Mörk. Er þeir hafi komið að gatnamótum Bakka og Vogalands hafi þeir séð að sömu bifreið var ekið niður Víkurlandið (svo) og þeir haldið á eftir henni. Ökumaður bifreiðarinnar hafi haldið áfram niður götuna og framhjá hótél Framtíð og síðan stöðvað í bílastæði við húsið að Vogalandi 12. Þegar lögreglu hafi borið að hafi ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, verði nýkominn út úr bifreiðinni ásamt eiginkonu sinni, sem staðið hafi farþegamegin við bifreiðina. Þá hafi farþeginn, Sigvaldi Þórðarson, einnig verið kominn út úr bifreiðinni og hafi þeir ákærði og hann staðið saman við bifreiðina bílstjóramegin. Hafi þeir kallað til ákærða og beðið hann um að kom yfir til þeirra til að gefa öndunarsýni í blöðru. Hann hafi ekki viljað koma og haft uppi athugasemdir um það hvaða vitleysa þetta væri í þeim. Hafi annar lögreglumannanna þá farið út úr lögreglubifreiðinni og sótt ákærða og komið með hann upp að bílstjóraglugganum þar sem hann hafi blásið í blöðru. Sú athugun hafi gefið til kynna að alkóhólmagn í lofti væri um eða yfir 0,7 ‰.

Ákærði var handtekinn kl. 22.59 vegna gruns um ölvun við akstur og færður á lögreglustöðina að Markarlandi 2 þar sem honum var dregið blóð kl. 23.22. Af ákærða var einnig tekin framburðarskýrsla þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreið frá Markarlandi 15, út þá götu og tekið vinstri beygju niður Vogaland. Kvaðst hann hafa ekið af stað kl. 22.44 og ætlað að hótél Framtíð. Þá viðurkenndi ákærði að hafa drukkið áfengi og að drykkja hafi hafist um kl. 19.00. Hann sagðist þó ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og neitaði því að hafa drukkið áfengi eftir að akstri lauk.

Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 8. febrúar 2006 mældist magn alkóhóls í blóði ákærða 2,16 ‰ að frádrægnu reiknuðu frávik.

Í lok frumskýrslu lögreglu segir að um kl. 23.20 hafi eiginkona ákærða, Silvia Hromádko, komið á lögreglustöðina og verið mjög æst og sjáanlega nokkuð drukkin. Hafi hún sagst hafa ekið bifreiðinni en ekki ákærði. Hún hafi ausið svívirðingum yfir lögreglumennina, en með lagni hafi öðrum lögreglumanninum tekist að fá hana til að yfirgefa varðstofuna.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði neitaði sök. Hann sagði að eiginkona hans, Silvia Hromádko, hefði ekið bifreiðinni VT 822 í umrætt sinn. Sagðist hann hafa vitað að hún var búin að drekka einn bjór áður en akstur hófst og jafnframt að Silviu væri mjög illa við annan lögreglumanninn. Einnig hefði hann haft í huga að Silvia væri að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Hann hefði því viljað hlífa henni við afskiptum lögreglu og samþykkt að blása í blöðru hjá lögreglu, sem aðeins hefði sýnt 0,6 ‰. Í framhaldi af því hefði hann samþykkt að gefa blóðsýni hjá lögreglu. Hann sagði að sig hefði ekki grunað að í blóði hans mældust 2,16 ‰. Hann sagðist að vísu hafa hellt í sig vodka með Sigvalda Þórðarsyni áður en þeir lögðu af stað og nokkur tími hafi liðið þar til honum var dregið blóð á lögreglustöðinni. Hann staðfesti að eiginkona hans hefði komið á lögreglustöðina og verið reið og viljað leiðrétta þennan misskilning. Þá hefði hún beðið hann um að fara til lögreglunnar daginn eftir og leiðrétta þetta, en þar sem aðeins hefði mælst 0,6 ‰ við blástur í blöðru hefði hann ákveðið að gera það ekki. Þegar honum hefði verið birt ákæran og

komið hefði í ljós að 2,16 % hefðu mælst í blóði hans hefði hann hins vegar ákveðið að segja sannleikann.

Ákærði var beðinn að skýra það hvers vegna eiginkona hans hefði staðið við bifreiðina farþegamegin þegar lögregla kom á vettvang í ljósi þess framburðar hans um að hún hefði ekið bifreiðinni. Sagði ákærði þá hún hefði gengið fram fyrir bifreiðina og rétt honum lykilinn að bifreiðinni þar sem hann hefði verið að aðstoða Sigvalda með harmonikku, sem þeir hefðu verið að flytja. Hann hefði þurft að opna bifreiðina og hefði eiginkona hans beðið hann um að læsa bifreiðinni.

Nánar aðspurður um atburðarás kvöldsins sagði ákærði að þegar hann hefði vaknað um sjöleytið um kvöldið hefði hann kíkt yfir til nágranna síns, Sigvalda Þórðarsonar, sem byggi að Markarlandi 13. Sjálfur sagðist ákærði búa að Markarlandi 15. Sigvaldi hefði átt að spila á harmonikku á þorablótinu um kvöldið og venjulega þyrfti hann að drekka talsvert áfengi áður en hann kæmi fram. Hann sagðist hafa boðið Sigvalda yfir til sín og þangað hefði hann komið og boðið þeim upp á bjór. Sagðist ákærði hafa boðist til að skutla Sigvalda á ballið, en eiginkona hans hefði bannað honum það og byrjað að hafa sig til fyrir ballið. Hann hefði síðan farið með Sigvalda yfir til hans og þar hefðu þeir sturtað í sig vodka. Þegar þeir hefðu komið út hefði eiginkona hans verið búin að leggja fyrir framan hús nr. 13. Öðru megin á bifreiðinni, þ.e. farþegamegin, væri rennihurð til að komast aftur í bifreiðina. Sigvaldi hefði síðan komið út og þeir sett nikkuna aftur í. Þeir hefðu síðan farið inn í bifreiðina og þau haldið öll niður á hótél Framtíð. Silvia hefði keyrt, hann setið fram í og Sigvaldi í aftursæti bifreiðarinnar. Hann sagði að allt hefði verið yfirfullt af bílum við hótelið og því hefðu þau þurft að aka fram hjá hótelinu og leggja bílnum u.þ.b. 50-100 metra frá hótelinu. Lögreglu hefði borið að í sama mund og sett ljósín á þegar þau voru komin út úr bílnum. Hann sagði að lögreglu hefðu borið þarna að hálfri til einni mínútu eftir að þeirra bifreið var lagt í stæði. Lögreglumennirnir hefðu setið inni í bílnum og spurt út um gluggann hver hefði ekið bifreiðinni. Á þeim tíma hefði Silvia verið farin inn á hótél og því hefði hann blásið í blöðruna. Í framhaldinu hefði hann farið með lögreglunni upp á varðstöð.

Magnús Hreinsson lögreglumaður kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Hann sagðist hafa verið á eftirliti með Steini Friðrikssyni lögreglumanni umrætt kvöld. Þeir hefðu ekið upp Markarland og séð bifreiðina VT-822 standa fyrir utan hús nr. 13 og Silvia, eiginkona ákærða sitja í farþegasætinu. Þeir hefðu haldið áfram upp götuna og snúið við fyrir framan pósthúsið til að kanna þetta betur. Þá hefðu ákærði og Sigvaldi Þórðarson verið að koma út úr húsinu. Þegar þeir hefðu komið að bifreiðinni hefði hann séð ákærða í baksýnispeglinum ganga aftur fyrir bifreiðina og inn í hana bílstjóramegin og í beinu framhaldi hefði bifreiðin farið af stað. Þeir hefðu síðan haldið áfram niður Víkurlandið og upp Mörk og að gatnamótum við Bakka. Þá hefðu þeir séð að bifreiðin var nýfarin fram hjá og þeir séð hana fara niður Vogalandið og þeir farið á eftir henni. Þeir hefðu síðan séð að bifreiðinni var lagt nokkuð utan við hótelið fyrir framan hús nr. 12 og ákærða stíga út úr henni um öikumansdyr. Aðspurður sagðist hann hins vegar ekki hafa séð ákærða undir stýri. Sigvaldi Þórðarson hefði verið farþegi í bifreiðinni og setið í aftursæti hennar. Þegar þeir hefðu komið að bifreiðinni hefði hann verið kominn aftur fyrir hana með harmonikkuna. Hann sagði að Silvia hefði hins vegar ekki verið komin út úr bifreiðinni, en að hún hefði stigið út úr henni farþegamegin þegar þeir hefðu byrjað að hafa afskipti af ákærða. Þá hefði hún ekkert minnst á það að hún hefði verið að

aka bifreiðinni. Aðspurður sagði ákærði að þeir hefðu misst bifreiðina úr augnsýn í um eina mínútu á leið hennar frá Markarlandi að hótél Framtíð.

Hann staðfesti að hafa tekið framburðarskýrslu af ákærða. Aðspurður staðfesti hann að eiginkona ákærða hefði komið á lögreglustöðina og verið reið og æst. Þá hefði hún verið sjáanlega nokkuð ölvuð og verið með svívirðingar í garð lögreglu. Hann staðfesti einnig að hún hefði í greint sinn haldi því fram að hún hefði ekið bifreiðinni. Framburðarskýrslan af ákærða hefði hins vegar verið tekin eftir þetta og þar hefði hann ítrekað verið spurður að því hvort hann hefði ekið bifreiðinni og að hann hefði játað því. Hann hefði fyrst heyrt ákærða halda því fram að hann hefði ekki ekið bifreiðinni þegar honum hefði verið birt ákæra í málinu.

Steinn Friðriksson lögreglumaður kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Hann sagði að þeir Magnús Hreinsson hefðu verið við venjubundið eftirlit í bænum þegar þeir hefðu ekið eftir Markarlandi í greint sinn. Hann sagði að Magnús hefði ekið lögreglubifreiðinni. Þar hefðu þeir ekið fram hjá bifreiðinni VT-822 og séð Silviu sitja í farþegasæti hennar. Þeir hefðu síðan snúið við hjá pósthúsinu og ekið aftur fram hjá bifreiðinni og séð Silviu enn sitja í farþegasætinu. Þá hefði hann séð ákærða og Sigvalda við húsið og síðan ganga að bifreiðinni. Ákærði hefði farið inn í bifreiðina bílstjórægin og Sigvaldi aftur í með harmonikkuna og síðan hefði hann séð að bifreiðinni var ekið af stað. Sagðist vitnið hafa horft á þetta út um hliðarrúðu lögreglubifreiðarinnar. Þeir hefðu ákveðið að stöðva bifreiðina og ekið niður Víkurlandið og síðan Mörk, en þá hefði bifreiðin verið komin fram hjá, þ.e. eftir Markarlandinu og stefnt niður að hótelinu við Vogaland. Þeir hefðu farið á eftir bifreiðinni og þeir séð hana stöðvast og ákærða stíga út úr henni bílstjórægin. Silvia og Sigvaldi hefðu verið hinum megin við bifreiðina, en á bifreiðinni væri ein rennihurð farþegamegin að aftan. Sigvaldi hefði farið og rætt við Magnús, en ákærði og Silvia hefðu gengið aftur með bifreiðinni og hann rætt við ákærða. Sagðist hann hafa spurt ákærða að því hvort hann hefði verið að aka bifreiðinni og að hann hefði viðurkennt það. Hann sagði að Silvia hefði ekki haft orð á því þarna að hún hefði ekið bifreiðinni. Hann sagði að Sigvaldi hefði ekki verið áberandi ölvuður. Nánar aðspurður sagðist vitnið ekki hafa séð ákærða undir stýri á bifreiðinni. Hann hefði hins vegar séð ákærða stíga upp í bifreiðina bílstjórægin og að bifreiðinni hefði verið ekið af stað í beinu framhaldi af því. Þá hefði hann séð ákærða stíga út úr bifreiðinni um ökumannsdyr að akstri loknum.

Hann sagði að við yfirheyrslu á lögreglustöðinni hefði ákærði viðurkennt að hafa drukkið einn til tvo bjóra um kvöldið og að hafa ekið bifreiðinni. Hann staðfesti að Silvia hefði komið á lögreglustöðina um kvöldið og verið reið og æst og með svívirðingar í þeirra garð. Hún hefði síðan farið út og þegar læknirinn hefði komið til að draga ákærða blóð hefði Silvia haft á orði fyrir utan stöðina að það hefði verið hún sem ók bifreiðinni. Aðspurður sagði vitnið að ekki hefði þótt ástæða til að taka blóðsýni úr Silvia þar sem enginn vafi hefði verið í huga lögreglumanna um hver hefði ekið bifreiðinni.

Sigvaldi Þórðarson kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Hann sagðist hafa verið farþegi í bifreiðinni VT-822 í umrætt sinn. Sagðist hann hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar með hljóðfæri, sem hann hefði verið á leið með á þorablót. Þá sagði hann að Silvia, eiginkona ákærða, hefði setið í farþegasæti bifreiðarinnar. Hann sagðist ekki hafa orðið var við lögreglubifreiðina þegar hann gekk út í bifreiðina við heimili sitt. Aðspurður sagðist hann minna eða hafa álitnið að ákærði hefði ekið

bifreiðinni og fyrst á eftir hefði hann verið alveg öruggur á því. Síðan þá væri reyndar búið að ræða þetta mál margsinnis. Aðspurður sagðist ákærði hafa verið undir áhrifum áfengis, en alls ekki ofurölvi. Eftir að bifreiðinni hefði verið lagt í nágrenni við hótelið hefði hann farið út úr bifreiðinni, rætt aðeins við Magnús Hreinsson og síðan farið inn á dansleikinn. Meintur ölvunarakstur hefði ekki komið til tals á milli þeirra.

Silvia Hromádka, eiginkona ákærða, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu sem vitni. Hún sagði að ákærði og Sigvaldi hefðu setið að drykkju umrætt kvöld. Ætlunin hefði verið að fara á þorablót en þar hefði Sigvaldi átt að spila á harmonikku. Þau hefðu í fyrstu ætlað að ganga á blótið en síðan hefði hún heyrt ákærða bjóðast til að aka Sigvalda á blótið. Hún hefði bannað honum það og ákveðið að keyra sjálf. Hún hefði því farið og haft fataskipti og haft sig til fyrir ballið en á meðan hefði ákærði farið yfir til Sigvalda. Þar hefðu þeir drukkið meira áfengi, en af því hefði hún ekki vitað. Hún sagðist hafa sótt bílinn og ákærði komið út í bílinn til hennar og þau lagt fyrir utan húsið hans Sigvalda. Ákærði hefði síðan farið út til að sækja Sigvalda og hún síðan ekið þeim á blótið. Þau hefðu séð lögreglubílinn við Voginn á leiðinni niður eftir. Allt hefði verið fullt af bílum við hótelið og því hefði hún þurft að leggja bílnum u.þ.b. 150 frá hótelinu. Þar hefði hún farið út úr bílnum og flýtt sér inn á hótelið þar sem kalt hefði verið í veðri og hún kápulaus. Ákærði hefði hjálpað Sigvalda með harmonikkuna og í sama mund hefði lögregluna borið að og hún hefði séð að þeir höfðu tal af ákærða og báðu hann um að blása í blöðru. Hún hefði bara litið á það sem brandara. Hún hefði beðið á hótelinu eftir ákærða, en þar sem hann hefði ekki komið hefði hún ákveðið að ganga á lögreglustöðina. Þar sagðist hún hafa skýrt frá því að hún hefði ekið bifreiðinni. Nánar aðspurð sagðist vitnið hafa ekið bifreiðinni frá Markarlandi að hótelinu. Hún sagðist hafa drukkið einn bjór fyrir um daginn. Hún sagðist ekki geta skýrt þann framburð lögreglumannanna Magnúsar og Steins um að ákærði hefði ekið bifreiðinni. Þá sagði hún að Sigvaldi væri góður vinur Magnúsar og það skýrði framburð hans um að ákærði hefði ekið bifreiðinni.

III.

Niðurstaða

Eins og fram hefur komið neitar ákærði sök í málinu og kveður eiginkonu sína, Silviu Hromádka, hafa ekið bifreiðinni í greint sinn. Hefur eiginkona hans borið á sömu lund hér fyrir dómi. Skömmu eftir handtöku ákærða umrætt kvöld var tekin skýrsla af ákærða þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni eftir að hafa neitt áfengis. Skýringar ákærða á því ósamræmi, sem er á framburði hans hér fyrir dómi og hjá lögreglu, þykja ekki trúverðugar. Lögreglumennirnir Magnús Hreinsson og Steinn Friðriksson hafa og báðir borið um það að ákærði hafi ítrekað verið spurður að því við yfirheyrslu á lögreglustöðinni hvort hann hefði ekið bifreiðinni og að ákærði hafi ávallt svarað því játandi. Skýrslan hafi verið tekin af ákærða eftir að eiginkona hans Silvia Hromádka hafði komið á lögreglustöðina og haldið því fram að hún hefði ekið bifreiðinni. Þá hafa þeir báðir borið um það að þegar þeir höfðu afskipti af ákærða í beinu framhaldi af akstri bifreiðarinnar og létu hann m.a. blása í blöðru vegna gruns um ölvun við akstur hafi eiginkona ákærða, sem þar var viðstödd, ekkert minnst á það að hún hefði ekið bifreiðinni. Þykir þetta

veikja mjög framburð vitnisins, Silviu, um að hún hafi ekið bifreiðinni. Framburð hennar verður einnig að skoða í ljósi þess að hún er maki ákærða og verður því að teljast vilhalla vitni. Með hliðsjón af framangreindu þykir framburður vitnisins, Silviu, ótrúverðugur.

Lögglumennirnir Magnús Hreinsson og Steinn Friðriksson hafa báðir borið um það að hafa séð ákærða stíga upp í bifreiðina VT 822 bílstjórarnegin þar sem hún hafi staðið við Markarland 13 í greint sinn og í beinu framhaldi af því séð að bifreiðinni var ekið af stað. Þá hafa þeir báðir borið um það að hafa fylgst með ferð bifreiðarinnar þegar henni var ekið niður Vogaland og séð þegar hún var stöðvuð við húsið nr. 12 við þá götu. Strax að akstri loknum hafi þeir séð ákærða stíga út úr bifreiðinni um ökumannsdyr. Þá hefur vitnið Sigvaldi Þórðarson sem var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar, borið um það að eiginkona ákærða Silvia Hromádko hafi setið í farþegasæti og að hann hafi álitnið, eins og vitnið kaus að orða það, að ákærði hefði ekið bifreiðinni.

Fram hefur komið að í bifreiðinni í umrætt sinn voru ákærði, eiginkona hans og vitnið, Sigvaldi. Ákærði, eiginkona hans og lögglumennirnir Magnús og Steinn hafa öll borið um það að vitnið Sigvaldi hafi setið í aftursæti bifreiðarinnar í greint sinn. Hefur hann og sjálfur borið á sömu lund. Þá hafa lögglumennirnir Magnús og Steinn og vitnið Sigvaldi borið um það að Silvia hafi setið í farþegasæti bifreiðarinnar. Er þá ekki öðrum til að dreifa sem ökumanni bifreiðarinnar en ákærða, enda hafa fyrrgreindir lögglumenn borið um það að hafa séð hann stíga upp í bifreiðina bílstjórarnegin og út úr bifreiðinni um ökumannsdyr að akstri loknum. Þá verður framburður vitnisins, Sigvalda, ekki skilinn með öðrum hætti en þeim að ákærði hafi ekið bifreiðinni.

Með vísan til framangreinds þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru málsins og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 130.000 króna sekt, sem greiðist til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 160.808 krónur, þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmaris Gunnlaugssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 142.428 krónur, þ.m.t. virðisaukaskattur.

Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Sigurðsson, greiði 130.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 2 ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 160.808 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Gunnlaugssonar hdl., að fjárhæð 142.428 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir